

# Reglur um auglýsingar á strætisvagna og biðskýli SVA

## Almennar reglur

Strætisvagnar Akureyrar eru fyrirtæki í almannabágu og tilgangurinn með rekstri þeirra er að veita íbúum hagkvæma þjónustu við að komast á milli staða í bænum auk þess að minnka álag á samgöngukerfið, stuðla að heilbrigðum lífsstíl og minni mengun.

## Auglýsingar á strætisvögnum

Auglýsingar sem styðja við svipuð sjónarmið, lýðheilsu o.þ.h. sitja fyrir öðrum. Heimilt er að hafna auglýsingum sem þykja vinna gegn ofantöldum sjónarmiðum, en slíkri ákvörðun má áfrýja til umhverfis- og mannvirkjaráðs.

Heimilt er að auglýsa á hliðum strætisvagna. Ekki verða seldar auglýsingar á framhliðar strætisvagna.

Auglýsandi skal kosta alla vinnu við gerð, uppsetningu og niðurtækt á auglýsingum. Mikilvægt er að hreinsun fari þannig fram að ekki verði tjón á vögnum eða skýlum. Verði tjón ber auglýsandi ábyrgð á að bæta það tjón sem hann veldur.

Ekki er hægt að reikna með að komast að við að líma auglýsingar á strætisvagnana nema á kvöldin.

## Auglýsingar á skýli á biðstöðvum

Heimilt er að auglýsa á framhlið glerskýla og á vinstri hlið ef horft er framan á biðskýlin. Ekki er heimilt að auglýsa á hægri hlið skýlanna því þá getur verið erfitt að sjá hvort farþegar bíða í skýlinu.

## Verðskrá

Auglýsingartími er almennt mánuður í senn og verðskrá miðast við mánaðargjald.

Verðskrá er birt **án virðisaukaskatts** og miðast við vísitölu neysluverðs í desember 2021, 515,3 stig. Verðskrá gildir í eitt ár og ný verðskrá tekur gildi í janúar ár hvert og miðast þá við vísitölu neysluverðs í desember árið áður.

Stofnanir Akureyrarbæjar fá 20% afslátt af gjaldskránni.

Auglýsingar á strætisvagna	2022 án vsk	Auglýsingar á skýli	2022 án vsk
1 vagn pr. mánuð	80.000	1 skýli pr. mánuð	20.000
4 vagnar pr. Mánuð	240.000	10 skýli pr. mánuð	120.000
Allir vagnar pr. mánuð	400.000	Öll skýli pr. mánuð	240.000

## Endurskoðun

Um nýjar reglur er að ræða og því skulu þær endurskoðaðar m.t.t. reynslu, verðs o.þ.h. Reglurnar skulu endurskoðaðar innan eins árs frá samþykkt þeirra.